

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

72. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 28. ágúst 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Viðræðunefndir beggja aðila sátu fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2. Birna Sigurjónsdóttir var gestur fundarins undir dagskrárlið 1.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Úrvinnsla á upplýsingum frá sveitarfélögum/skólum vegna bókunar 1. – 1701067SA

Unnið hefur verið að því að flokka efni lokaskýrslna og umbótaáætlana sveitarfélaga. Samstarfsnefnd fékk afhenta samantekt útfrá framangreindum gögnum.

2. Viðræðuáætlun

Gengið var frá viðræðuáætlun vegna kjarasamningsgerðar aðila. Kjarasamningur FG gildir til 30. nóvember 2017.

3. Erindi þar sem spurt er hvort ekki beri að greiða fyrir unninn kaffitíma þegar kennari er með nemendum - 1708028SA

Eftirfarandi erindi barst samstarfsnefnd:

Í kjarasamningi grunnskólakennara gr. 3.1.4 segir, „Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 20 mínútur fyrir hádegi og 15 mínútur eftir hádegi, og teljast þeir til vinnutíma. Á venjulegum vinnudegi skal skilgreina tvo kaffitíma.“

Flestir kennarar eru með fasta matar og kaffitíma inn á stundatöflu þar sem þeir fá kjarasamningsbundna hvíld frá nemendum. Stundum þarf þó að bregða út frá þeirri meginreglu og skipulag kennsludags er með þeim hætti að kennarar fá ekki kaffitíma án

nemenda, á það sérstaklega við á uppbrotsdögum og í nemendaferðum. Því vaknar sú spurning hvort ekki beri að greiða fyrir unnin kaffitíma með yfirvinnu?

Niðurstaða:

Almennt er ekki greidd yfirvinna vegna kaffitíma sem falla niður heldur er þeim hliðrað til eða vinnudagur stytur sem kaffitímanum nemur. Takist framangreint ekki og kaffitími er unninn ber að greiða hann. Að öðru leyti er vísað til kafla 3 í kjarasamningi um matar- og kaffitíma.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30